

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits með fiskeldisstöðvum.

1. gr.

Fiskeldisstöðvar sem hafa rekstrarleyfi til fiskeldis skulu greiða Fiskistofu árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsgjaldi skal skipt í two flokka eftir umfangi reksturs og er gjaldið í hvorum flokki, þrepaskipt í samræmi við mat Fiskistofu um eftirlitsþörf fiskeldisstöðvar. Um þrjú þrep er að ræða (A, B, C) og byggir mat Fiskistofu á því hvernig fiskeldisstöð stenst eftirlitsskoðun hverju sinni og hvernig fiskeldisstöð er áhættuflokkuð.

Stöðvar sem sækja um og fá rekstrarleyfi frá Fiskistofu hefja rekstur í flokki B og greiða fyrsta árgjald samkvæmt þrepi B.

Fiskeldisstöðvar með rekstrarleyfi 31. október 2013 greiða árgald 1. nóvember 2013 skv. flokki A og eftir það í samræmi við mat Fiskistofu um eftirlitsþörf.

3. gr.

Í flokki 1 eru fiskeldisstöðvar með fráveitu til sjávar þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða minna og fiskeldisstöðvar með fráveitu í ferskvatn þar sem ársframleiðsla er 20 tonn eða minna.

Í flokki 2 eru fiskeldisstöðvar með fráveitu til sjávar þar sem ársframleiðsla er meira en 200 tonn og fiskeldisstöðvar með fráveitu í ferskvatn þar sem ársframleiðsla er meira en 20 tonn.

4. gr.

Gjaldskrá fiskeldisstöðva í flokki 1 eftir þreppum:

- A. kr. 58.000
- B. kr. 87.000
- C. kr. 117.000

Gjaldskrá fiskeldisstöðva í flokki 2 eftir þreppum:

- A. kr. 76.000
- B. kr. 105.000
- C. kr. 140.000

5. gr.

Fiskistofa annast innheimtu eftirlitsgjalds.

Gjalddagi eftirlitsgjalds er 1. nóvember ár hvert og eindagi 15. nóvember. Ef eftirlitsgjald er ekki greitt á gjalddaga reiknast hæstu lögleyfðu dráttarvextir af fjárhæð þess frá gjalddaga til greiðsludags. Eftirlitsgjald má innheimta með fjárnámi.

Ef fiskeldisstöð hefur ekki hafið starfsemi á gjalddaga eftirlitsgjalds er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá greiðslu gjaldsins.

Nr. 974

31. október 2013

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í 4. mgr. 14. gr. laga nr. 71/2008, um fiskeldi og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 928/2011 vegna eftirlits með fiskeldistöðvum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. október 2013.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Ingimar Jóhannsson.

B-deild – Útgáfud.: 31. október 2013